# LÖG

**um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, er sveitarfélög kaupa, þótt þau njóti ekki aðstoðar ríkissjóðs skv. lögum þessum. Sama gildir um öll lánsskjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 74 30. desember 1963, um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

Nr. 44. 24. maí 1972.

# LÖG

**um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 7. gr. bætist eftirfarandi:

Ráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðuneytið að stofna við ríkisspítalana allt að sex sérstakar læknisstöður, sem bundnar eru skilyrði um ákveðna þjónustu í héraði.

Ráðherra setur reglugerð um þessar stöður að fengnum tillögum Læknafélags Íslands og Stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

**2. gr.**

9. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði ⅔ hluta launa héraðshjúkrunarkvenna, sem ráðnar eru til starfa með héraðslækni í læknishéraði. Sé hérað læknislaust, greiðir ríkissjóður laun þessi að fullu.